

I EES-STOFNANIR**1. Sameiginlega EES-nefndin**

2012/EES/63/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn	1
2012/EES/63/02	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn	3
2012/EES/63/03	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	4
2012/EES/63/04	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	5
2012/EES/63/05	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	7
2012/EES/63/06	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn	8
2012/EES/63/07	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	9
2012/EES/63/08	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	11
2012/EES/63/09	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	12
2012/EES/63/10	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	13
2012/EES/63/11	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	15
2012/EES/63/12	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	17
2012/EES/63/13	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	18

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 126/2012****2012/EES/63/04****frá 13. júlí 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 764/2008 frá 9. júlí 2008 um málsmeðferð við beitingu tiltekinna innlendra tæknireglna vegna löglega markaðssettrar vöru í öðru aðildarríki og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 3052/95/EB ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB frá 9. júlí 2008 um sameiginlegan ramma um markaðssetningu á vörum og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 93/465/EBE ⁽³⁾.
- 4) Með ákvörðun nr. 768/2008 eru settar sameiginlegar meginreglur og viðmiðunarákvæði að því er varðar framtíðarlöggjöf um samhæfingu skilyrða fyrir markaðssetningu á vörum og hún er einnig uppsláttarrit að því er varðar gildandi löggjöf.
- 5) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 764/2008 fellur úr gildi ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 3052/95/EB ⁽⁴⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 6) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 765/2008 fellur úr gildi reglugerð ráðsins (EBE) nr. 339/93 ⁽⁵⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 7) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar nr. 768/2008/EB fellur úr gildi ákvörðun ráðsins 93/465/EBE ⁽⁶⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 8) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði XIX. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti liðar 3b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 339/93) hljóði svo:

„**32008 R 0765**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30.

⁽³⁾ Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 82.

⁽⁴⁾ Stjtíð. EB L 321, 30.12.1995, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtíð. EB L 40, 17.2.1993, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtíð. EB L 220, 30.8.1993, bls. 23.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Eftirfarandi bætist við í lok 2. mgr. 4. gr.:
- „Stjórnvöld í Liechtenstein skulu einnig geta leitað til faggildingarstofnunar Sviss vegna þeirra vöruflokka sem samningur milli Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um gagnkvæma viðurkenningu í tengslum við samræmismat þar sem kröfur ESB og Sviss eru taldar vera jafngildar samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 1. gr. þess samnings“.
- b) Vörur sem fluttar eru út frá Liechtenstein til annarra samningsaðila geta fallið undir landamæraeftirlit samkvæmt ákvæðum 27. til 29. gr.“
2. Texti liðar 3d (ákvörðun ráðsins 93/465/EBE) hljóði svo:
- „**32008 D 0768**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB frá 9. júlí 2008 um sameiginlegan ramma um markaðssetningu á vörum og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 93/465/EBE (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 82).“
3. Texti liðar 3f (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 3052/95/EB) hljóði svo:
- „**32008 R 0764**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 764/2008 frá 9. júlí 2008 um málsmeðferð við beitingu tiltekinnar innlendra tæknireglna vegna löglega markaðssettrar vöru í öðru aðildarríki og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 3052/95/EB (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 21).
- Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:
- Reglugerðin gildir aðeins um vörur sem 3. mgr. 8. gr. samningsins tekur til.
- Reglugerðin tekur ekki til Liechtensteins í tengslum við vörur sem I. viðauki, XII. og XXVII. kafli II. viðauka og bókun 47 við samninginn taka til meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins.“
4. Eftirfarandi bætist við í lið 3h (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB):
- „eins og henni var breytt með:
- **32008 R 0765**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 764/2008 og 765/2008 og ákvörðunar nr. 768/2008/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júlí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júlí 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.